

**Nd.**

**642. Nefndarálit**

[178. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gerast aðili að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur ekki getað orðið sammála um frv. þetta. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Við undirritaðir leggjum hins vegar til, að frv. verði fellt. Við teljum óþarft fyrir Ísland að svo stöddu að fullgilda þennan samning. Útlendir menn njóta fyllilega hér á landi hinnar sömu eignarréttarverndar sem innlendir menn, sbr. 67. gr. stjórnarskrárinnar. Ísland hefur engan ávinning af fullgildingu samningsins, en bakar sér hins vegar skyldu til útgjalda, ef hann einhvern tíma skyldi öðlast gildi. — Að öðru leyti vísum við til nefndarálits minni hl. allsherjarnefndar efri deildar á þskj. 487.

Alþingi, 28. apríl 1966.

Björn Fr. Björnsson,  
frsm.

Ragnar Arnalds.

Jón Kjartansson.